

AUGLÝSING

um breytingar nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá
Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 15. febrúar 1973 tekur gildi breyting nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972. Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránum um 7.3%. Jafnframt verður heildsöluálagning 16.8% í stað 18% áður og smásöluálagning 56.3% í stað 60% áður.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 18.

12. janúar 1973.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur sá, sem nú er í Pósthússtræti frá Kirkjustræti að Hafnarstræti, verður framlengdur til norðurs að Tryggvagötu.
2. Umferðarreglur á gatnamótum Miklubrautar, Elliðavogs og Suðurlandsbrautar verði sem hér segir:
 - a) Umferð um Suðurlandsbraut víki fyrir umferð um tengigötu milli Elliðavogs og Miklubrautar.
 - b) Umferð um tengigötu milli Elliðavogs og Miklubrautar víki fyrir umferð um Elliðavog.
 - c) Umferð um tengigötu milli Vesturlandsvegur og Elliðavogs víki fyrir umferð um Elliðavog.
 - d) Á tengigötu milli Elliðavogs og Miklubrautar verði biðskylda við Miklubraut í stað stöðvunarskyldu, sem nú er þar.

Framangreindar reglur taka gildi 20. janúar 1973.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 12. janúar 1973.

Sigurjón Sigurðsson.